



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## **Leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins**

**um framkvæmd eigináhættu- og gjaldþolsmats (ORSA)**

**Reykjavík, 10. mars 2014**

### Inngangur

Samkvæmt 23. tölul. leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2011 skal váttryggingafélag árlega framkvæma eigin áhættu- og gjaldþolsmat (hér eftir „ORSA“) sem veitir stjórn og framkvæmdastjóra upplýsingar um virkni áhættustýringar og gjaldþolsstöðu, jafnt núverandi sem líklega framtíðarstöðu.<sup>1</sup> Tilmælin eru nú í endurskoðun og munu tilmæli vegna ORSA sem hluti af áhættustýringu taka viðeigandi breytingum.

---

<sup>1</sup> Í leiðbeiningum þessum er ekki gerður greinarmunur á ORSA (Own Risk and Solvency Assessment) og FLAOR (Forward Looking Assessment of undertaking's Own Risk). Fyrirnefnda hugtakið er orðið þekkt hér á landi en síðarnefnda hugtakið er notað í undirbúningstilmælum EIOPA .

## 1. Almennir þættir

- 1.1. Gert er ráð fyrir að ORSA miðist við stöðu félagsins þann 31. desember 2013 og að niðurstöðum sé skilað til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 30. júní 2014.
- 1.2. Eigið áhættu- og gjaldpolsmat („ORSA“) váttryggingafélags er lykilferli í rekstri þess. Með ORSA fæst aukinn skilningur á sambandinu á milli áhættusniðs (e. risk profile) og fjármagnsþarfar (e. capital needs). ORSA ætti að taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt (e. forward looking) og í samræmi við rekstur og stefnumótun váttryggingafélagsins.
- 1.3. Stjórn váttryggingafélags ber ábyrgð á áhættustýringu og ORSA. Mikilvægi ORSA í stefnumótun og ákvörðunartöku krefst þess að stjórnarmenn váttryggingafélags komi að ferlinu með virkum hætti. Það er ekki nægilegt að stjórn váttryggingafélags útteili ábyrgð á ferlinu til áhættustýringar, framkvæmdastjórnar eða einstakra starfsmanna félagsins. Krafa um virka þátttöku stjórnarmanna í ferlinu krefst þekkingar á þeim áhættum sem felast í rekstri váttryggingafélagsins. Sú þekking ætti að vera til staðar hjá stjórninni í heild.
- 1.4. Í ORSA ferlinu ætti að koma fram hvernig váttryggingafélag hyggst stýra einstökum áhættuþáttum. Váttryggingafélag metur hvort mæta eigi einstaka áhættum með fjármagni eða að nota áhættumildunaraðferðir. Við slíkt mat ætti að horfa til áhættusniðs, þolmarka gagnvart einstökum áhættuþáttum og viðskiptaáætlunar váttryggingafélagsins.
- 1.5. Þá ætti váttryggingafélag ekki að treysta á að lögbundnar gjaldpolskröfur séu ávallt fullnægjandi miðað við áhættusnið og rekstur félagsins. Lykilþáttur í áhættustýringu hvers váttryggingafélags er ferli þar sem félagið leggur mat á fjármagnsþörf þess m.t.t. einstakra áhættuþátta og starfsemi félagsins.
- 1.6. Mikilvægt er að skjölun vegna ORSA sé öflug og markviss. Váttryggingafélag ætti að setja sér stefnu vegna ORSA þar sem að ábyrgðarhlutverk eru skilgreind ásamt því að umgjörð ferlisins er skilgreind. Skjalfesting er mikilvæg til þess að tryggja að óháður aðili geti lagt mat á ferlið.
- 1.7. Váttryggingafélög ættu að nota árin 2014 og 2015 til þess að kanna og meta hvort fjármagnsstaða (e. capital position) þeirra sé fullnægjandi með hliðsjón af væntanlegum gjaldpolskröfum Solvency II, sem koma til með að taka gildi 1. janúar 2016. Váttryggingafélög ættu að tryggja að þau muni geta uppfyllt gjaldpolskröfurnar (MCR og SCR) þegar þær verða lögfestar. Þá ættu váttryggingafélög einnig að nota 2014 og 2015 til þess að kanna og meta hvort fjármagnsstaða þeirra sé fullnægjandi miðað við ORSA mat félagsins.

### Almenn atriði vegna ORSA

## 2. Hlutfallsreglan (e. proportionality)

Váttryggingafélag ætti að þróa ORSA ferli sem er sniðið að áhættustýringu, margbreytileika, skipulagi og stærð félagsins, með viðeigandi og fullnægjandi aðferðum til að meta fjármagnsþörf félagsins, að teknu tilliti til eðlis, umfangs og þeirrar áhættu sem felst í rekstrinum.

- 2.1. Mat á heildarfjármagnsþörf váttryggingafélags felur ekki endilega í sér notkun á flóknum og íþyngjandi aðferðum. Aðferðir sem notaðar eru við mat á fjármagnsþörf geta verið allt frá einföldum álagsprófum yfir í flóknari líkön. Þó gæti notkun á

einföldum aðferðum ekki verið viðeigandi að teknu tilliti til eðlis, umfangs og þeirrar áhættu sem um ræðir.

### 3. Hlutverk stjórnar

Stjórn váttryggingafélags ætti að taka virkan þátt í ORSA ferlinu. Virk þátttaka felst m.a. í því að stýra ORSA ferlinu, ræða forsendur og niðurstöður ferlisins á gagnrýnan hátt.

- 3.1. ORSA er mikilvægt stjórnþæki fyrir stjórn váttryggingafélags þar sem ferlið gefur ítarlega mynd af mögulegum og núverandi áhættuþáttum sem tengjast rekstri félagsins. ORSA gerir stjórn kleift að skilja þessa áhættuþætti og hvernig þeir endurspeglar fjármagnspörf félagsins.
- 3.2. Stjórn váttryggingafélags ætti að vera gagnrýnin á þá áhættugreiningu og það áhættumat sem framkvæmt er innan félagsins.
- 3.3. Eitt af verkefnum stjórnar er að samþykkja rekstraráætlanir til lengri og skemmri tíma, þar sem m.a. er fjallað um fjármagnspörf. Nauðsynlegt er að áætlun þessi taki tillit til umfangs og tegundar rekstrarins og áhættutöku félagsins. Þá er mikilvægt að stjórn taki tillit til niðurstöðu ORSA við gerð rekstraráætlunar og að í áætluninni sé einnig sviðsmyndagreining þar sem tryggt er að fjármagnspörf félagsins sé fullnægt, jafnvel undir erfiðustu aðstæðum.

### 4. Skjölun

Váttryggingafélag ætti að tryggja að eftirfarandi skjölun vegna ORSA sé til staðar;

- 4.1. ORSA stefna;
- 4.2. skjalfesting á hverju og einu mati sem fram fer í ORSA ferlinu.
- 4.3. innri skýrsla um ORSA; og
- 4.4. ORSA eftirlitsskýrsla, sem send er Fjármálaeftirlitinu. Skýrslan getur verið samhljóða innri skýrslu félagsins.

### 5. ORSA stefna

Stjórn váttryggingafélags ætti að setja stefnu um ORSA. Stefnan ætti að taka á eftirfarandi þáttum að lágmarki:

- 5.1. lýsingu á ferlum sem styðja við framkvæmd ORSA;
- 5.2. sambandinu á milli áhættu, samþykktra áhættuþolmarka og gjaldþols;
- 5.3. lýsingu á:
  - 5.3.1. álagsprófum, næmnigreiningum (e. sensitivity analysis) og athugunum á viðnámsprótti (e. reverse stress tests) og hversu oft slíkar greiningar eru framkvæmdar;
  - 5.3.2. kröfum vegna gæða gagna;
  - 5.3.3. tíðni ORSA og hvernig sú tíðni er réttlætt með hliðsjón af áhættusniði váttryggingafélagsins og sveiflum í gjaldþolsþörf samanborið við fjárhagsstöðu.
  - 5.3.4. hvernig aðstæður kalla á ORSA utan hefðbundinnar tímaáætlunar.
- 5.4. Stefna um ORSA gæti verið hluti af almennri stefnu váttryggingafélags um áhættustýringu, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu váttryggingafélaga.

### 6. Skjalfesting á ORSA

Vátryggingafélag ætti að skjalfesta sérhvert ORSA ferli og niðurstöður þess á viðunandi hátt.

- 6.1. ORSA ferlið (og niðurstaða þess) ætti að vera skjalfest í þeim tilgangi að gera þriðja aðila kleift að leggja mat á alla þætti ferlisins.
- 6.2. Eitt af hlutverkum stjórnar er að rýna ferlið og niðurstöður. Slík rýni ætti að vera skjalfest sem hluti af ORSA.

### 7. Innri skýrsla um ORSA

Þegar ORSA og niðurstaða þess hefur verið samþykkt af stjórn vátryggingafélags, ætti að kynna niðurstöður matsins fyrir viðeigandi starfsmönnum ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu.

- 7.1. Upplýsingagjöf til stjórnar vátryggingafélags ætti að vera nægilega ítarleg til að stjórn félagsins geti notað niðurstöðu ORSA ferlisins við stefnumarkandi ákvörðunartöku. Þá þarf upplýsingagjöf til viðeigandi starfsmanna að vera nægilega ítarleg þannig að þeir geti starfað eftir ákvörðunum stjórnar.

### 8. ORSA eftirlitsskýrsla

Eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir vátryggingafélag Fjármálaeftirlitinu eintak af ORSA eftirlitsskýrslunni. Eftirlitsskýrslan ætti að innihalda eftirfarandi upplýsingar að lágmarki:

- 8.1. eigindlegar (e. qualitative) og meginndlegar (e. quantitative) niðurstöður úr ORSA ferlinu ásamt þeim ályktunum sem vátryggingafélagið dregur af þeim; og
- 8.2. upplýsingar um helstu aðferðir og forsendur sem notaðar voru við matið.
- 8.3. Skýrslan ætti að greina frá mælingu á mismunandi áhættuþáttum ásamt mati á heildarfjármagnspörf til lengri og skemmri tíma.
- 8.4. Ítarupplýsingar í ORSA skýrslu geta m.a. verið lýsingar á viðeigandi áhættuþáttum, rökstuðningur fyrir því hvers vegna ákveðnir áhættuþættir eru ekki taldir mikilvægir, hvernig félagið nýtir mismunandi áhættumildunaraðferðir, lýsing á veikleikum og/eða vandamálum sem komu upp við framkvæmd ORSA o.s.frv.
- 8.5. Niðurstöður ORSA ættu að innihalda upplýsingar um ráðstafanir sem félagið ætlar að grípa til vegna atriða sem komu upp við framkvæmd ORSA. Þá ætti að greina sérstaklega frá því ef félagið telur að niðurstöður matsins kalli ekki á neinar aðferðir.

### 9. Mat á fjármagnspörf

Vátryggingafélag ætti að leggja mat á heildarfjármagnspörf sína. Þegar greint er frá matinu ætti að styðja það með viðeigandi ítarefni og útskýringum. Þá ætti vátryggingafélag að framkvæma nægilega víðtæk álagspróf á þá áhættuþætti sem félagið hefur auðkennt til að tryggja fullnægjandi grundvöll fyrir matinu á heildarfjármagnspörf.

- 9.1. Mat á heildarfjármagnspörf nær yfir alla mikilvæga áhættuþætti hvort sem að þeir eru mælanlegir eður ei. Orðspors- og stefnumótunaráhætta eru dæmi um ómælanlega áhættuþætti sem geta haft mikil áhrif á afkomu vátryggingafélags. Mat á ómælanlegum áhættuþáttum getur verið mismunandi eftir vátryggingafélagi. Matið getur verið töluleg nálgun byggð á tölfræðilegum aðferðum eða metin gildi byggð á sviðsmyndum eða sérfræðingamati. Óháð því hvaða aðferð félagið notar til þess að meta ómælanlega áhættuþætti er mikilvægt að félagið rökstyðji aðferðafræði sína og jafnframt að þáttunum sé stýrt á viðeigandi hátt.

- 9.2. Þar sem endurtryggingar og aðrar áhættumildunaraðferðir hafa áhrif á áhættusnið váttryggingafélags ætti að horfa til áhrifa þeirra og virkni í ORSA ferlinu.
- 9.3. Ef áhættum er stýrt með áhættumildunaraðferðum ætti váttryggingafélag að greina frá því hvaða áhættum er stýrt með slíkum aðferðum og hver rökstuðningurinn sé að baki þeirri ákvörðun.
- 9.4. Matið ætti að taka tillit til þess hvort félagið hafi yfir nægjanlegu fjármagni að ráða ásamt raunhæfum áætlunum um hvernig aukið fjármagn yrði sótt ef nauðsyn krefur.
- 9.5. Við mat váttryggingafélags á fjármagnspörf sinni er nauðsynlegt að horfa til að minnsta kosti eftirfarandi þátta:
  - 9.5.1. áhættu sem tengist eignum og skuldum félagsins, þar á meðal ráðstafana milli félaga innan samstæðunnar og annarra ráðstafana sem eru utan efnahags;
  - 9.5.2. stjórnarháttu félagsins, stjórnkerfis og ferla;
  - 9.5.3. gæða ferla og þeirra gagna sem notuð eru við matið, þá sérstaklega stjórnarháttu félagsins, þar sem tekið er tillit til þeirra áhættuþátta sem gætu komið upp vegna vanhæfni, hagsmunaárekstra eða annmarka;
  - 9.5.4. að viðskiptaáætlun sé tengd við fjármagnspörf;
  - 9.5.5. að mögulegar sviðsmyndir séu auðkenndar;
  - 9.5.6. að mögulegar utanaðkomandi áhættur séu metnar, s.s. breytingar í lagaumhverfi eða fjármálastöðugleika.
- 9.6. Váttryggingafélag sem er hluti af samstæðu ætti að taka tillit til samstæðuáhættu sem gæti haft marktæk áhrif á félagið.

### 10. Mat á fjármagnspörf til skemmri og lengri tíma

Váttryggingafélag ætti að horfa til næstu þriggja til fimm ára að lágmarki þegar fjármagnspörf félagsins er metin.

- 10.1. Við greiningu á því fjármagni sem þarf til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi er nauðsynlegt að horfa lengra en ár fram í tímann.
- 10.2. Til þess að mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sé árangursríkt er ekki aðeins nóg að meta núverandi áhættuþætti heldur einnig áhættur sem gætu raungerst í framtíðinni.
- 10.3. Váttryggingafélag ætti að auðkenna og taka tillit til ytri þátta sem gætu haft veruleg áhrif á fjármagnspörf félagsins. Dæmi um slíka þætti gætu verið breytingar í lagaumhverfi eða fjármálastöðugleika.

### 11. Váttryggingaskuld

Tryggingastærðfræðingur félags ætti að meta hvort félagið geti samfelld, þ.e. án rofs, staðist kröfur um útreikning á váttryggingaskuld. Þá ætti tryggingastærðfræðingur félagsins að meta þær áhættur sem gætu myndast vegna útreiknings á váttryggingaskuld<sup>2</sup>.

---

<sup>2</sup> Í breytingum á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu váttryggingafélaga verða gefin nánari tilmæli um starfssvið tryggingastærðfræðings í undirbúningi fyrir Solvency II

### 12. Tenging við stefnumótunar- og ákvörðunartökuferla

Vátryggingafélag ætti að taka tillit til niðurstöðu ORSA ferlisins í stjórnkerfi sínu, þar á meðal vegna fjárstýringar til meðallangs tíma, viðskiptaáætlunar og þróun nýrra afurða.

- 12.1. Stýring á heildarfjármagnspörf ásamt stýringu á öllum fyrirsjáanlegum áhættuþáttum ætti að vera órjúfanlegur þáttur í stefnumótun hvers vátryggingafélags.
- 12.2. Framtíðarstefna vátryggingafélags ætti að endurspeglast í ORSA. Mikilvægt er að vátryggingafélag hafi stefnu félagsins til hliðsjónar við matið ásamt því að taka tillit til stefnumótandi ákvarðana sem gætu haft áhrif á áhættusnið, fjármagnspörf og gjaldpolskröfu félagsins.
- 12.3. Stjórn vátryggingafélags ætti að vera meðvituð um hvaða áhrif ákvarðanir hennar hafa á áhættusnið, fjármagnspörf og gjaldpolskröfu félagsins og meta hvort þau áhrif séu æskileg með hliðsjón af eiginfjárstöðu félagsins. Taka ætti tillit til allra stefnumótandi ákvarðana sem gætu haft áhrif á áhættusnið eða eiginfjárstöðu félagsins í ORSA áður en endanleg ákvörðun er tekin um framkvæmd þeirra. Slíkt mat kallar ekki endilega á að farið sé í gegnum heildstætt ORSA mat – nóg getur verið að skoða niðurstöður síðasta mats og kanna hvernig væntanleg ákvörðun hefur áhrif á það.
- 12.4. Þegar vátryggingafélag reiðir sig á aðgerðir stjórnenda til áhættumildunar ætti félagið að meta hversu áhrifaríkar slíkar aðgerðir eru við mismunandi sviðsmyndir.

### 13. Tíðni

Vátryggingafélag ætti að fara í gegnum ORSA ferlið að lágmarki einu sinni á ári.

- 13.1. Vátryggingafélag ætti að framkvæma ORSA ferlið með reglubundnu millibili. Þá ætti ORSA að vera framkvæmt í framhaldi af meiriháttar breytingum á áhættusniði. Dæmi um þætti sem geta valdið slíkum breytingum eru: starfsemi í nýjum greinaflokki, miklar breytingar á áhættuþolmörkum eða endurtryggingum félagsins, breytingar á líkönum, flutningur á vátryggingastofni eða meiriháttar breytingar í eignasamsetningu félagsins.
- 13.2. Vátryggingafélag ákveður sjálfst hvenær það vinnur ORSA ferlið en heppilegast er að miða við stöðu áhættuþátta í lok árs, eða á þeim tíma þar sem mest liggur fyrir af upplýsingum. Hægt væri að styðjast við aðra dagsetningu ef vátryggingafélagið metur svo að ekki sé verulegt frávik í áhættusniði milli þeirra.

### Samstæður

### 14. ORSA fyrir samstæður

Vátryggingafélög í samstæðu ættu að vinna ORSA ferlið á samstæðugrundvelli. Það félag sem ber ábyrgð á ferlinu skal sjá til þess að ORSA endurspegli uppbyggingu og áhættusnið samstæðunnar og að tekið sé tillit til allra fyrirtækja innan samstæðunnar, hvort sem þau eru eftirlitsskyld eða ekki. Við mat á áhrifum aðila sem ekki eru eftirlitsskyldir ætti að taka mið af vægi þeirra fyrir samstæðuna. Mikilvægt er að skýrslan taki til eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði.

- 14.1. ORSA ætti taka tillit til allra áhættupátta sem sértækir eru fyrir viðkomandi samstæðu. Að lágmarki ætti að gera grein fyrir og taka tillit til eftirfarandi atriða:
  - 14.1.1. sértækra áhættupátta fyrir samstæðu, t.d. þátta sem koma frá aðilum sem ekki eru eftirlitsskyldir, víxlverkun (e. interdependence) innan samstæðu og áhrifum hennar á áhættusnið samstæðu;
  - 14.1.2. áhættupátta sem almennt eru ekki hafðir til hliðsjónar hjá einstaka fyrirtækjum en horfa skal til á samstæðugrundvelli;
  - 14.1.3. breytileika fyrirtækja innan samstæðunnar, svo sem áhrif mismunandi viðskiptaáætlana o.s.frv.

### 15. Mat á áhrifum sértækra samstæðuáhættupátta á heildarfjármagnspörf

Þegar ORSA er framkvæmt á samstæðugrundvelli ætti váttryggingafélag að auðkenna, mæla, stýra og greina frá áhættupáttum sem sértækir eru fyrir samstæðuna ásamt mögulegum víxlverkunum innan hennar. Þá ætti að greina frá áhrifum framangreindra þátta á heildarfjármagnspörf samstæðunnar þar sem tekið er tillit til sérkenna samstæðunnar. Þá ætti einnig að hafa í huga að einstakir áhættupættir gætu magnast upp innan samstæðu.

- 15.1. ORSA sem framkvæmt er á samstæðugrundvelli ætti að auðkenna áhættupætti sem gætu haft áhrif á samstæðuna og greina frá mögulegum áhrifum þeirra á fjármagnspörf samstæðunnar. Sérstaklega ætti að greina frá og meta áhrif áhættupátta sem erfitt getur reynst að mæla. ORSA ætti að meta innbyrðis tengsl áhættupátta og greina frá áhrifum einstakra félaga á áhættusnið samstæðunnar.
- 15.2. ORSA skýrsla samstæðu ætti að meta mikilvægi þeirra sértæku áhættupátta sem geta myndast innan viðkomandi samstæðu og eru því ekki auðkennanlegir hjá hverju einstaka félagi.
- 15.3. Dæmi um samstæðuáhættupætti eru m.a. ;
  - 15.3.1. smitáhætta;
  - 15.3.2. áhættupættir sem myndast vegna viðskipta og samþjöppunar áhættu innan samstæðu, þá sérstaklega í tengslum við eftirfarandi þætti:
    - a. endurtryggingar innan samstæðu;
    - b. lánveitingar milli félaga innan samstæðu;
    - c. útvistun verkefna innan samstæðu.
- 15.4. ORSA skýrsla samstæðunnar ætti að innihalda upplýsingar um:
  - 15.4.1. mikilvægi hvers félags þar sem lagt er mat á áhrif félagsins á áhættusnið samstæðunnar;
  - 15.4.2. samanburð á fjármagnspörf samstæðunnar og samtölu fjármagnsparfar hvers einstaks félags
  - 15.4.3. fjölpættingaráhrif (e. diversification) á samstæðugrundvelli.
- 15.5. Greina ætti öll fjölpættingaráhrif sem gert er ráð fyrir á samstæðugrundvelli. Slík greining ætti að innihalda lýsingu á því hversu réttmætar slíkar forsendur eru með hliðsjón af áhættusniði samstæðunnar og fjármagnsparfar hennar.

### 16. Almenn regla vegna ORSA á samstæðugrundvelli

ORSA skýrsla samstæðu ætti að innihalda lýsingu á því hvernig eftirfarandi atriði voru höfð til hliðsjónar þegar lagt var mat á fjármagnspörf samstæðunnar:

- 16.1. hvaðan aukins fjármagns sé aflað innan samstæðu eða utan, sé þess þörf;
- 16.2. möguleikum á tilfærslu fjármagns innan samstæðu;



- 16.3. sé fyrirhugað að færa fjármagn til innan samstæðu ætti að greina frá áhrifum þess á einstök félög samstæðunnar;
- 16.4. samþætting stefnumótunar einstakra félaga fyrir samstæðuna í heild;
- 16.5. áhættuþættir sem sértækir eru fyrir samstæðuna.

### 17. Nánari atriði vegna ORSA á samstæðugrundvelli

ORSA skýrsla samstæðu ætti að greina frá því hvernig stjórnir einstakra félaga innan samstæðunnar komu að ferlinu. Þá ætti einnig að lýsa því hvernig staðið er að kynningu á ORSA fyrir fyrirtækjum innan samstæðunnar. Í ORSA skýrslu samstæðu ætti að greina frá hvernig einstök félög innan samstæðunnar hafa áhrif á niðurstöður ORSA ferlisins.

*Fjármálaeftirlitinu, 10. mars 2014*

  
Halldóra E. Ólafsdóttir

Halldóra E. Ólafsdóttir